

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra hljómlistarmanna, vegna hljóðfærалеikara
í Þjóðleikhúsi,
hins vegar
gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.
Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.
Launahækkningar

2.1 Hljómlistarmenn fá greidd sýningar- og æfingarlaun sem hér segir:

2.1.1 Sýningarlaun hljómlistarmanna eru sem hér segir:

Sýning 1

Viðvera allt að 2 klst.

Fullgildur hljóðfærалеikari kr. 17.783

Leiðandi maður kr. 19.178

Ef sýning 1 er sýnd oftari en einu sinni sama dag skal greiða 75% af sýningarlaunum fyrir hverja sýningu umfram eina.

Sýning 2

Viðvera allt að 3 klst.

Fullgildur hljóðfærалеikari kr. 21.269

Leiðandi maður kr. 23.011

Sýning 3

Viðvera umfram 3 klst.

Fullgildur hljóðfærалеikari kr. 24.756

Leiðandi maður kr. 26.846

2.1.2 Æfingarlaun hljómlistarmanna eru sem hér segir:

Æfing 1

Æfing allt að 3 klst.

Fullgildur hljóðfærалеikari kr. 14.517

Leiðandi maður kr. 15.969

Æfing 2

Æfing allt að 4 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari kr. 19.355

Leiðandi maður kr. 21.292

Æfing 3

Æfing allt að 5 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari kr. 24.194

Leiðandi maður kr. 26.614

Æfing 4

Æfing allt að 6 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari kr. 29.034

Leiðandi maður kr. 31.937

Krefjist verkið þess að starfandi sé konsertmeistari við sýningar og/eða æfingar greiðist 10% álag á laun leiðandi manns í hverjum flokki sýninga og æfinga.

- 2.1.2.1 Leiðandi maður telst sá sem leiðir hóp hljómlistarmanna innan sama hljóðfæris eða sá sem er einn með sitt hljóðfæri.
- 2.1.2.2 Hljómsveitarstjóri sem tekur þátt í tónlistarflutningi fær greitt 50% álag á það kaup sem hann ella hefði fengið greitt sem hljóðfæraleikari.
- 2.1.3 Laun skv. gr. 2.1.1 og 2.1.2 hækka á samningstímanum sem hér segir:

1.06.2016:	6,5%
1.06.2017:	4,5%
1.06.2018:	3,0%

3. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er félaginu heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 11. desember 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 4. desember 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Félags íslenskra hljóðfæraleikara
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)

Björn Th. Arnason (sign.)

Sara Lind Guðbergsdóttir (sign.)

Gunnar Hrafnsson (sign.)

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félag íslenskra hljómlistarmanna, vegna hljóðfæraleikara
í Þjóðleikhúsi,
4. desember 2015

Bókun 1

Aðilar að samningi þessum skuldbinda sig til að undirgangast þau skilyrði og skuldbindingar sem fram koma í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, er undirritað var þann 27. október 2015, ásamt síðari breytingum. Það felur m.a. í sér að aðilar undirgangast sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og fylgja þeirri framtíðarsýn um meginstoðir nýs íslensks samningalíkans er þar næst samkomulag um.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að á samningstímabilinu verði kannað hvort rétt sé að aðgreina svokallað hljóðfæragjald sem er vegna afnota eigin hljóðfæris í þágu atvinnurekenda frá launalið kjarasamnings. Niðurstaða skal liggja fyrir í lok samningstíma.